

125. fundur framkvæmdastjórnar um vatnsvernd höfuðborgarsvæðisins var haldinn þann 10. október 2018 kl 11:30.

Fundinn sátu: Árný Sigurðardóttir og Kristín Lóa Ólafsdóttir hjá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur, Páll Stefánsson hjá Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis og Þorsteinn Narfason hjá Heilbrigðiseftirliti Kjósarsvæðis sem jafnframt ritaði fundargerð.

1. Bláfjöll – Skíðasvæði í Kópavogi, deiliskipulagstillaga.

Lagt fram bréf Skipulagstofnunar dags 2. október 2018 varðandi umsagnarbeiðni; Skíðasvæðið í Bláfjöllum, Kópavogsbæ.

Framkvæmdastjórn um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins tók erindið til umfjöllunar ásamt skýrslu; Bláfjöll – Skíðasvæði í Kópavogi, fyrirspurn um matsskyldu, dags. 17. september 2018. Jafnframt var lögð fram fundargerð skipulagsráðs Kópavogsbæjar dags. 17. september 2018.

Framkvæmdastjórnin tók á 124. fundi sínum þann 10. júlí 2018 tillögu að breyttu deiliskipulagi fyrir skíðasvæðið í Bláfjöllum til umfjöllunar. Skammur tími fékkst til að veita umsögn og var óskað eftir auknum fresti sem ekki var orðið við. Í bókun framkvæmdastjórnarinnar þá um málið kom m.a. fram að vinna þyrfti deiliskipulagstillöguna betur m.t.t. vatnsverndar í samræmi við samþykkt nr. 555/2015, framkvæma þyrfti frekari rannsóknir á svæðinu ásamt því að meta heildstætt áhrif allra fyrirhugaðra framkvæmda er varðar uppbyggingu skíðasvæðisins.

Framkvæmdastjórnin bendir á að í viðauka 1 við reglugerð nr. 660/2015 um mat á umhverfisáhrifum er ekki að finna umfjöllun um rekstur skíðasvæða. Mat framkvæmdastjórnar á þörf á mati á umhverfisáhrifum byggir á staðsetningu svæðisins inni á viðkvæmu fjarsvæði vatnsverndar höfuðborgarsvæðisins og þeirrar hættu sem skapast getur ef mengunaróhöpp verða hvort sem um er að ræða vegna umferðar inn á svæðið eða við framkvæmdir. Í viðauka 2 sömu reglugerðar eru talin upp skilyrði sem taka þarf mið af við mat á hvort áformuð framkvæmd eigi að lúta matsskyldu. Þar kemur m.a. fram að svæði sem skulu fara í mat eru svæði sem í samræmi við reglugerð um varnir gegn mengun vatns og reglugerðar um neysluvatns eiga ótvírætt að njóta verndar sbr. staðsetningu skíðasvæðisins. Þar er jafnframt rætt um eðli framkvæmda og þátta sem skuli einkum taka tillit til við ákvörðun um matsskyldu. Framkvæmdastjórnin telur að flestir þeirra þátta sem þar eru taldir upp megi fella undir boðuð áform. Má þar nefna nýtingu náttúruauðlinda en þá með hliðsjón af annarri nýtingu sem fyrir er, þ.e. vatnssöfnun og síðan mengun og slysaþættu (mengunaróhöpp) sem gæti fylgt boðaðri framkvæmd

Svör við þessum ábendingum framkvæmdastjórnar er ekki að finna í gögnum sem fylgdu erindi Skipulagsstofnunar frá 2. október 2018.

Bókun.

Framkvæmdastjórn um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins telur nauðsynlegt að boðaðar framkvæmdir á skíðasvæðinu fari í mat á umhverfisáhrifum.

FRAMKVÆMDASTJÓRN UM VATNSVERNDARARSVÆÐI HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

2. Önnur mál

a. **Sumarhús í Hólmslandi – viðhald húsa og óleyfismál**

Kynnt.

b. **Samstarfshópur SSH**

Formaður kynnti viðfangsefni samstarfshópsins.

c. **Endurskoðun neysluvatnsreglugerðar**

Formaður greindi frá setu í starfshópi Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um endurskoðun neysluvatnsreglugerðarinnar.

d. **Utanvegaakstur við Framskálann í Bláfjöllum**

Kynnt.

Fundi var slitið 13.20